

EFTIRLITSSKÝRSLA

Dagsetning 10. júní 2011

Fyrirtæki Fiskeldi HB Grandi, Berufirði

Heimilisfang

Kennitala 541185-0389

Isat nr.

Starfsemi Fiskeldi, 8.000 tonn/ári

Fulltrúi UST Gísli Jónsson

Starfsleyfi, gildir til 1. desember 2019

Tegund eftirlits Reglubundið

Fulltrúar fyrirtækis Kristján Ingimarsson

Staðsetning starfstöðvar (hnit)

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávík frá starfsleyfi þar sem eftirlitshafi hefur ekki látið gera vöktunarmælingar sbr. grein. 3.3 í starfsleyfi.

Gerð var athugasemd við framsetningu gagna í grænu bókhaldi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið yfir grænt bókhald fiskeldisins fyrir árið 2010

Farið yfir kröfur um vöktunarmælingar

Farið út að kvíunum, ástand þeirra skoðað og hverjar voru nýttar.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1:

Ekki var búið að gera vöktunarmælingar sem gera skal á þriggja ára fresti. Síðustu mælingar voru gerðar í lok árs 2006. Mælingarnar þarf að gera á veturnar til að gera þær samanburðarhæfar við fyrri mælingar.

Frávik frá: Grein 3.3 í starfsleyfi.

Athugasemd 1:

Í grænu bókhaldi var ekki gefið upp framleiðslumagn í kg eða tonnum, heldur var einungis gefin upp fjöldi þorska í eldinu. Rekstraraðili á að gefa Umhverfisstofnun skýrslu um framleiðslumagn sbr. grein 3.3 í starfsleyfi og þarf að gefa það upp í tonnum á framleiddum lífmassa svo stofnunin geti athugað hvort fyrirtækið sé innan marka starfsleyfisins.

Önnur atriði:

Aðeins fjórar kvíar eru í notkun af þeim 19 sem eru úti á sjó og um 40 tonn af þorski var í kvíunum. Það kom upp sýking í tálknum þorsksins og brugðið var á það ráð að baða þá í formalíni að höfðu samráði við fiskisjúkdómalækni. Fiskurinn var tekinn upp í tankbát og baðaður þar og svo var baðvatnið losað í sjóinn. Hafa ber í huga að skrá þessa efnanotkun í græna bókhalds þessa árs eins og aðra efnanotkun.

Reykjavík, 25/08/2011

Gísli Jónsson

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.